# Íþróttabandalag Akureyrar

## Ársreikningur 2019

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Áritun um faglega aðstoð við gerð ársreiknings | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Skýringar og sundurliðanir | 7 - 9 |



Íþróttabandalag Akureyrar
Skólastíg 4, 600 Akureyri
Kennitala 670169-1389

# Skýrsla stjórnar

Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) er héraðssamband íþróttafélaga á Akureyri. ÍBA gætir hagsmuna íþróttahreyfingarinnar á Akureyri gagnvart opinberum aðilum og vinnur að styrkingu og uppbyggingu íþróttastarfsemi héraðsins. Skráð eru 22 aðildarfélög innan ÍBA og yfir 40 íþróttagreinar eru í boði fyrir iðkendur.

Rekstur ÍBA var með svipuðu móti á árinu 2019 og árið áður. Heildartekjur bandalagsins á árinu 2019 námu kr. 61,4 millj. samanborið við kr. 55,5 millj. árið 2018. Hagnaður ársins nam kr. 1,4 millj. í samanburði við kr. 0,6 millj. í tap árið 2018. Heildareignir námu í árslok kr. 21,4 millj. og eigið fé var um kr. 10,7 millj.

### Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur bandalagsins verði með svipuðu móti á árinu 2020 eins og hann var á árinu 2019.

### Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð á rekstrarniðurstöðu ársins.

Það er álit stjórnar ÍBA að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu bandalagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn ÍBA og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning bandalagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Akureyri, 6. apríl 2020

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Helgi R. Bragason

### Áritun skoðunarmanna ÍBA

Við undirritaðir skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning bandalagsins fyrir árið 2019. Skoðun okkar hefur ekki gefið tilefni til athugasemda og leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri, 2. apríl 2020

# Áritun um faglega aðstoð við gerð ársreiknings

**Til stjórnar Íþróttabandalags Akureyrar**

Við höfum veitt Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA) faglega aðstoð við gerð ársreiknings fyrir árið 2019, byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur bandalagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings. Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða bandalagið að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum við vinnu okkar fylgt þeim siðareglum sem um hana gilda.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi bandalagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda ÍBA. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur bandalagsins ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi látum við hvorki fram álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 6. apríl 2020

**Enor ehf.**

Níels Guðmundsson
Löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Rekstarframlag frá Akureyrarbæ | | 20.498.472 | 18.500.004 |
| Styrkir og önnur framlög | 3 | 39.866.590 | 37.041.245 |
| Aðrar tekjur | | 997.763 | 0 |
| | | 61.362.825 | 55.541.249 |
| **Rekstrargjöld** | 4 | | |
| Úthlutanir til aðildarfélaga | | 40.829.633 | 37.647.618 |
| Laun og tengd gjöld | | 13.549.208 | 14.445.654 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 5.879.210 | 4.441.682 |
| | | 60.258.051 | 56.534.954 |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | 1.104.774 | (993.705) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 258.763 | 394.821 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (3.301) | (151) |
| | | 255.462 | 394.972 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 1.360.236 | (598.733) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| **Eignir** | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Afrekssjóður Akureyrar | | 4.611.440 | 7.000.647 |
| LÍ söguritun | | 5.473.890 | 6.351.060 |
| Handbært fé | | 11.282.425 | 9.732.622 |
| | | 21.367.755 | 23.084.329 |
| **Eignir samtals** | | 21.367.755 | 23.084.329 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 5 | | |
| Eigið fé frá fyrra ári | | 9.357.513 | 9.956.246 |
| Hagnaður (tap) ársins | | 1.360.236 | (598.733) |
| | | 10.717.749 | 9.357.513 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Óúthlutað úr afrekssjóði | | 4.600.000 | 7.000.000 |
| Skuldbinding vegna LÍ söguritun | | 5.473.890 | 6.351.060 |
| Ógreitt vegna launa | | 492.244 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 83.872 | 375.756 |
| | | 10.650.006 | 13.726.816 |
| **Skuldir samtals** | | 10.650.006 | 13.726.816 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 21.367.755 | 23.084.329 |

# Skýringar og sundurliðanir

## 1. Almennar upplýsingar

Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) er héraðssamband íþróttafélaga á Akureyri og var stofnað 20. desember 1944. ÍBA er eitt 25 íþróttahéraða innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og aðili að Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og er tengiliður íþróttafélaganna við bæjaryfirvöld. ÍBA gætir hagsmuna íþróttahreyfingarinnar á Akureyri gagnvart opinberum aðilum og vinnur að styrkingu og uppbyggingu á íþróttastarfsemi héraðsins. Skráð eru 22 aðildarfélög innan ÍBA og yfir 40 íþróttagreinar eru í boði fyrir iðkendur.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur bandalagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af rekstrarstyrkjum, framlögum og tekjum fyrir selda þjónustu. Tekjur vegna rekstrarstyrkja og fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga. Aðrir styrkir og framlög eru færð eftir því sem þau berast.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að bandalagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

# Skýringar og sundurliðanir

## 3. Rekstrartekjur

**Styrkir og önnur framlög:**

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Lottótekjur frá ÍSÍ | 19.147.337 | 16.947.619 |
| Framlag frá ÍSÍ | 3.428.153 | 2.540.761 |
| Framlag frá Getraunum | 841.100 | 852.865 |
| Rekstrar og afreksstyrkir frá Akureyrarbæ | 16.450.000 | 16.700.000 |
| | 39.866.590 | 37.041.245 |

## 4. Rekstrargjöld

**Úthlutanir til aðildarfélaga:**

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Afrekssjóður Akureyrar | 9.582.300 | 400.000 |
| - Óúthlutað úr afrekssjóði | (2.400.000) | 7.000.000 |
| Rekstrarstyrkir | 6.500.000 | 6.500.000 |
| Jafnréttisstyrkir | 2.800.000 | 2.800.000 |
| Lottó styrkir | 19.147.337 | 16.947.622 |
| Styrkir vegna húsaleigu | 5.199.996 | 3.999.996 |
| | 40.829.633 | 37.647.618 |

**Laun og launatengd gjöld greinast þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 11.073.301 | 11.802.099 |
| Launatengd gjöld | 2.475.907 | 2.643.555 |
| | 13.549.208 | 14.445.654 |

**Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Hugbúnaðarsamingar og tölvuþjónusta | 844.177 | 696.947 |
| Skrifstofuáhöld og búnaður | 193.711 | 388.606 |
| Sími, internet og póstur | 232.357 | 288.565 |
| Pappír, prentun og ritföng | 282.429 | 34.686 |
| Auglýsingar | 82.509 | 74.284 |
| Bókhald og reikningsskil | 186.301 | 0 |
| Viðhald og þrif | 43.400 | 13.588 |
| Rekstur bifreiðar | 939.583 | 0 |
| Starfsmannatengdur kostnaður | 95.406 | 164.899 |
| Ferða- og fundarkostnaður | 521.027 | 421.627 |
| Fyrirlestrar og fræðsluerindi | 410.000 | 0 |
| Ársþing og skýrsla | 0 | 1.203.951 |
| Þing ÍSÍ og sérsambanda | 403.608 | 292.105 |
| Íþróttamaður ársins | 280.935 | 237.071 |
| Verðlaun og gjafir | 60.000 | 94.220 |
| Kostnaður vegna ICG | 1.290.358 | 0 |
| Ýmis annar kostnaður | 13.409 | 531.133 |
| | 5.879.210 | 4.441.682 |

# Skýringar og sundurliðanir

## 5. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Varasjóður |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 9.357.513 |
| Hagnaður ársins | 1.360.236 |
| Staða í árslok | 10.717.749 |